

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Íslenska með augum nýbúans

Hugmynd að grunnnámi í íslensku fyrir nýbúa óháð aldri

María Yngvinsdóttir

220382-4279

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Grunnskólakennarabraut

Mai 2009

Ágrip

Markmið þessar ritgerðar er að skoða meðal annars hvort hægt sé að horfa fram hjá aldri þegar kemur að byrjendakennslu í íslensku. Rætt var við fjóra nýbúa á mismunandi aldri til að skoða hvar og hvernig þeir lærðu íslensku og einnig var fengið þeirra álit á byrjendakennslu og hvort og hvernig mætti bæta hana. Út frá svörum nemenda var svo byggð upp aðferðafræði þar sem skoðað var hvort hægt væri að útbúa námskeið eða námsefni sem væri óháð aldri og væri einskonar grunnur í íslensku sem mætti svo byggja ofan á.

Efnisyfirlit

1. Ágrip	2
2. Efnisyfirlit	3
3. Inngangur	4
4. Að læra tungumál	5
5. Kennsla og markmið	8
6. Að læra íslensku	10
6.1. Jadvyga og Rosa-Maria	10
6.2. Thao	13
6.3. Katinka	16
7. Nýbúakennsla með nýrri sýn	19
8. Niðurstöður	23
9. Lokaorð	28
10. Heimildaskrá	29

Inngangur

Á undanförunum árum hefur Ísland breyst úr því að vera lítið einangrað samfélag yfir í það að vera fjölmenningslegt samfélag. Fjöldi fólks frá hinum ýmsu löndum hefur komið hingað til lands í þeim tilgangi að setjast hér að og skapa sér nýtt líf. Orðið nýbúi hefur verið notað um þessa einstaklinga en orðið er gegnsætt þar sem það lýsir skýrt þeim einstaklingum sem það á við, það er nýr íbúi í nýju landi.

Að hefja nýtt líf í nýju landi getur reynst erfitt og að mörgu þarf að huga strax í byrjun. Þegar hlutir eins og atvinna og húsnæði eru í höfn er næsta mál hjá flestum ef ekki öllum nýbúum að læra tungumálið í nýja landinu. Ritgerð þessi mun leiða það í ljós að margt býr í íslenska tungumálinu fyrir nýbúann og má þar nefna samskipti, vináttu og atninumöguleika. Kunnátta í tungumálinu kemur einnig í veg fyrir að nýbúinn einangrist félagslega og má segja að íslenskan sé að flestu ef ekki öllu leiti lykkillinn að samfélaginu.

Hvert á að leyta til að læra tungumálið er þá spurning sem nýbúar standi frammi fyrir og hvar er íslenska kennd. Aldur nýbúans skiptir máli þegar kemur að því að læra íslensku en aldurinn segir nefnilega til um hvert er leitað þegar kemur að því að nema tungumálið. Hér á landi er það nefnilega svo að grunnskólaneminn fer í grunnskólann, framhaldsskólaneminn í framhaldsskóla og fullorðni einstaklingurinn fer í fullorðinsfræðslu.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða meðal annars hvort hægt sé að horfa fram hjá aldri þegar kemur að byrjendakennslu í íslensku. Rætt var við fjóra nýbúa á mismunandi aldri til að skoða hvar og hvernig þeir lærðu íslensku og einnig var fengið þeirra álit á byrjendakennslu og hvort og hvernig mætti bæta hana. Út frá svörum nemenda var svo byggð upp aðferðafræði þar sem skoðað var hvort hægt væri að útbúa námskeið eða námsefni sem væri óháð aldri og væri einskonar grunnur í íslensku sem mætti svo byggja ofan á.

Að læra tungumál

Fræðimenn hafa á undanförunum árum verið á öndverðu meiði um það hvort aldur skipti máli þegar kemur að því að nema annað tungumál (*second language*). Hvers vegna það er hefur verið ádeiluefni margra fræðimanna í gegnum tíðina og hefur engin ein niðurstaða fest sig í sessi. Meðal þeirra fræðimanna sem hafa skoðað þessa tilgátu er málfræðingurinn Eric Lenneberg. Lenneberg setti fram þá tilgátu í bók sinni *Biological Foundations of Language*, að börn hefðu meðfædda hæfileika til að læra mál, hvort sem er sitt eigið móðurmál eða annað (Lenneberg, 1967). Lenneberg taldi að á þeim tíma sem börn lærðu málreglur síns eigin móðurmál ættu þau einnig auðvelt með að temja sér reglur annars tungumáls og nefndi hann þetta tímabil “*critical period*” eða næmniskeið. Nær þetta tímabil frá því að börn byrja að segja sín fyrstu orð um 12 mánaða aldur og fram til kynþroska um 11 til 13 ára aldurs. Lenneberg vildi meina að eftir kynþroska aldur færi geta einstaklings til að læra annað tungumál dalandi þar sem máltakan er ekki eins hröð og áður og fram koma einkonar tungumálalokur (*language-learning-blocks*) eftir kynþroska (Lenneberg, 1967:175-178). Samt sem áður telur Lenneberg að fullorðnir einstaklingar geti náð tökum á máli annars tungumáls löngu eftir að næmniskeiðinu lýkur en þó aldrei staðið jafnfætis innfæddum notanda tungumálsins. Til þess þurfi aðeins einbeitingu, vilja og áhuga.

Birgit Harley er málfræðingur sem hefur skoðað kenningar sem settar hafa verið fram um aldur í annars máls fræðum (Harley, 1986). Meðal þess sem hún telur er að ef nemendur sem ekki hafa náð kynþroska eigi að geta tileinkað sér annað mál á auðveldari hátt en kynþroska nemendur (*post-puberty*) og fullorðnir þurfi að vera að til staðar meiri munur á kunnáttu og tileinkun málsins en raun ber vitni. Einnig að ókynþroska (*pre-puberty*) nemendur ættu að tileinka sér annað tungumál á sama náttúrulega hátt og fyrsta mál en tileinkun kynþroska nemenda ætti því að reynast frábrugðnari en hjá fyrr nefndum nemendum. Empírískar rannsóknir hafa hinsvegar brugðist í að sanna að það sé í raun aldurstengdur munur á milli þessara hópa sem styðji tilgátu Lennenbergs um næmniskeið (*critical period*) (Harley, 1986:38-39). Harley lagði í rannsókn til að sanna þá tilgátu sína að aldur væri afstæður í námi og

tileinkun annars tungumáls (Harley, 1986). Hún bar saman tvo hópa enskra nemenda er lærðu frönsku sem annað mál og skoðaði hvort raunverulegur munur væri á milli tileinkun tungumálsins hjá hópunum. Í stuttu máli reyndust niðurstöður þær að ekki reyndist marktækur munur á hæfni hópanna þegar kom að tileinkun frönsku sem annars tungumáls. Munurinn á milli hópanna þegar kom að notkun málsins reyndist heldur ekki mikill sem styður þá kenningu Harleys að aldur sé afstæður þegar kemur að tileinkun annars tungumáls. Harley telur einnig að fleiri rannsókna sé þörf þegar kemur að því að skoða hvaða aldur sé bestur þegar kemur að tileinkun annars tungumáls, því rannsóknir eru á báða bóga um þessi mál. Til dæmis þegar tilgáta er sett fram sem styður til að mynda tilgátu Lennebergs, sé komin tilgáta á móti sem hrekur hana og þess vegna hafi ekki enn komið fram ein staðfest kenning sem styður eða hrekur þær tilgátur sem fræðimenn hafa sett fram hingað til (Harley, 1986).

Fræðimenn, bæði á sviði málvísinda sem og annarra, eru þó sammála um að ýmsir ytri áhrifaþættir hafa áhrif á hversu vel einstaklingi tekst að ná tökum á öðru tungumáli. Fyrst má nefna aldur einstaklings þegar málanám hefst, því eins og Lenneberg voru og eru margir aðrir fræðimenn á því að aldur einstaklings við upphaf tungumálanáms hafi mikið að segja um árangur, sem er þó deiluefni ef tekið er tillit til rannsókna Birgit Harleys. Aðrir áhrifaþættir eru námsgeta, viðhorf, fyrri reynsla og hvatar (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007:16-30). Samanlagt segja þessir áhrifaþættir mikið um árangur nemenda í tungumálanámi og hafa margir fræðimenn einbeitt rannsóknum sínum að þessum tilteknu þáttum sem viðkoma menntun í annars máls fræðum (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007:31-45).

Robert C. Gardner hefur skrifað mikið um viðhorf og hvata (*attitudes and motivations*) í tungumálanámi. Um viðhorf til tungumálanáms hefur Gardner, í ljósi rannsókna annarra fræðimanna einnig, komist að því að árangur í tungumálanámi stjórnast af viðhorfi nemandans til námsins (Gardner, 1985). Mögulega veltir nemandinn fyrir sér nytsemi námsins og tilgangi. Ef námið er eingöngu hluti af skyldunámi þá getur nemandinn litið á tungumálanám sem kvöð. Viðhorf hans litast því af þessum sökum og árangur verður þar af leiðandi slakur. Þvert á móti ef nemandi ætlar sér að læra málið til að þess að verða samræðuhæfur í því landi sem

tungumálið er talað og hann lítur svo á að námið sé ánægjuleg leið að því markmiði þá er viðhorf hans gott sem ýtir undir góðan námsárangur. Aðrir þættir sem hafa einnig áhrif á viðhorf telur Gardner að séu fyrri reynsla, hvort sem heldur er í námi eða öðru, og kyn. Samkvæmt Gardner þá sýna stúlkur mun frekar jákvæðari viðhorf til tungumálanáms en drengir og ná þess vegna betri árangri (Gardner, 1985:43). Gardner telur líka að ástæða hvata (*motivations*) hafi gríðarleg áhrif á hversu vel nemandi nær tókum á því tungumáli sem hann leggur stund á (Gardner, 1985:56). Hver svo sem hvatinn er í augum nemandans þá hjálpar það honum á ná og einnig að átta sig á þeim markmiðum sem hann setur sér í námi sínu. Smávægilegur eður ei þá liggur í augum uppi að hvati sem og viðhorf eru undirliggjandi þættir sem stjórna árangri er kemur að tungumálanámi og hversu mikið nemandi er viljugur að leggja á sig til að ná þeim markmiðum sem hann hefur sett sér.

Ef allt ofan talið er tekið saman er ljóst að ekki er ómögulegt fyrir nýbúa að tileinka sér tungumál nýja landsins sem hann hefur kosið að hefja nýtt líf í, óháð aldri hans. Það getur þó reynst þrautinni þyngri að ná tungumálinu, og sér í lagi tungumáli sem er jafn flókið málfræðilega og íslenskan er. En ef viljinn, áhuginn og hvatinn eru til staðar, þá er ómögulegt að segja til um það hvort nýbúinn geti ekki náð að tileinka sér tungumálið á þann hátt að hann tali skýrt og skiljanlega þannig að innfæddur telji hann í raun ekki nýbúa.

Kennsla og markmið

Kennsluáferðir í nýbúakennslu grunnskóla eru í flestum tilvikum fjölbreyttar þar sem nemendur eru mjög mismunandi og taka verður tillit til þess að nemendur geta komið frá mjög ólíkum löndum og eru kannski ekki vanir þeirri fjölbreytni sem einkennir oft kennslu í íslenskum grunnskólum. En í stuttu máli þá leitast grunnskólar eftir að kenna íslensku sem annað mál en jafnframt að gera nýbúanum kleift að standa jafnfætis íslenskum nemum í námi. Farið er eftir Aðalnámskrá Grunnskóla og er sér kafli um íslensku sem annað tungumál að finna í námskránni. Meðal lokamarkmiða má nefna að nemandi verði fær um að skilja og nota íslenskt mál og viðeigandi málsnið, geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skýru, töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenska málhefð og öðlist skriflega og munnlega færni í íslensku sem gerir þeim kleift að stunda nám við eðlilega framvindu til jafns við jafnaldra sína (Aðalnámskrá Grunnskóla, Íslenska 1999: 91)¹.

Framhaldskólar landsins hafa verið að breyta áherslum sínum í kennslu nýbúa og eru nokkrir skólar á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á námsbrautir fyrir nýbúa og má þar nefna Tækniskólann, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Fjölbrautarskólann við Ármúla. Kennslan byggist fyrst og fremst á að kenna á íslensku og reynt er að byggja upp orðaforða og málfærni í byrjun og síðan er byggt ofan á þann grunn í framhaldi með áframhaldandi kennslu (Fjölirnir Ásbjarnarson, 2009). Framhaldsskólar leitast eftir að gera nemendur sína undirbúna undir almennt nám á almennum námsbrautum og að nemendur standi til jafns öðrum framhaldsskólanemum. Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir í að taka þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleirri menningarheima. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál er lykill að íslensku skólastarfi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum (Aðalnámskrá framhaldsskóla, Íslenska 1999:56).

Fyrir fullorðna einstaklinga sem ætla sér að setjast hér að og læra íslensku er um ýmsa staði að velja þar sem byrjendakennsla í íslensku er í boði. Má nefna

¹ Sjá til að mynda heimasíður Grandaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla.

Námsflokka Reykjavíkur, Mími símenntun og Alþjóðahús. Allir þessir staðir eiga það sameiginlegt að bjóða upp á fjölbreytt námskeið með mismunandi áherslum sem henta nýbúum. Stuðst er við fjölbreytilegar kennsluáferðir og notast mikið við raunefni til að færa tungumálið sem næst nemendum. Markmið með kennslunni er að byggja upp grundvallarorðaforða sem auðveldar nýbúanum samskipti á íslenskri tungu og gerir honum kleift að aðlagast íslensku samfélagi á auðveldan hátt (Sólborg Jónsdóttir, 2009).

Nýlega var gefin út námskrá fyrir útlendinga af Menntamálaráðuneytinu og eru margir staðir er bjóða upp á fullorðinsfræðslu fyrir nýbúa að nýta sér hana og vinna að þeim markmiðum sem þar koma fram. Mímir hefur til að mynda frá áramótum unnið eftir námskránni (Sólborg Jónsdóttir, 2009). Meðal lokamarkmiða í námskránni má nefna að nemandi geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi, hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til að geta tekið þátt í umræðum um kunnuleg málefni og hafi öðlast undirstöðuþekkingu í helstu siðum og venjum í íslensku samfélagi (Námskrá, Íslenska fyrir útlendinga, 2008:6).

Að læra íslensku.

Jadvyga og Rosa-Maria eru 16 ára stúlkur í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Jadvyga kemur frá Litháen og hefur verið hér á landi í 3 ár en Rosa-Maria kemur frá Portúgal og hefur verið hér í um 2 og hálf ár. Báðir nemendur komu hingað til lands þar sem foreldrar þeirra fengu hér góða vinnu og ákváðu þar af leiðandi að setjast hér að. Hvað Jadvygu og Rosu-Mariu fannst um Ísland af fyrstu kynnum svöruðu þær báðar að það væri skrýtið og öðruvísi. Aðspurðar um hvað þeim fannst um íslenska tungu fyrst er þær heyrðu hana sögðu þær að tungumálið væri mjög skrýtið og furðulegt.

Jadvyga og Rosa-Maria byrjuðu báðar nám sitt í íslensku í móttökudeild í sínum hverfissskóla. Mjög vel var tekið á móti þeim í skólanum að þeirra sögn og lögðu kennarar og annað starfsfólk sig fram í að bjóða þær velkomnar í skólann. Þegar kemur að kennslu sögðu stúlkurnar að oftast nær fylgdu þær sínum bekk en að auki fengu þær tíma saman með öðrum úr móttökudeildinni og þá væri tekið fyrir sérstakt efni. Spurt var hvort öll kennsla færi fram á íslensku og svöruðu Jadvyga og Rosa-Maria að svo væri. Þær sögðu þó að þær hafi fengið orðablöð með íslenskum orðum og hvað þau þýddu á sínu móðurmáli en það væri það eina sem skólinn útvegaði á þeirra móðurmáli. Annað efni, námsbækur, blöð og verkefni, væri eingöngu á íslenskri tungu. Um skipulag kennslunnar svöruðu þær að þeim finndist kennslan öll vel skipulögð og að kennarar væru góðir og hjálpsamir. Einnig nefndu þær að kennararnir reyndu eftir bestu getu að útskýra efnið vel þannig að þær skildu við hvað var átt hverju sinni.

Jadvyga sagði frá því að þegar hún kom fyrst til landsins þá hefði verið sumar og hún hafði þar af leiðandi fengið sér sumarvinnu. Þar hafði hún lært sín fyrstu orð í íslensku en fyrsta orð hennar var orðið *ostur* sem henni var kennt af samstarfsmönnum sínum. Rosa-Maria sagði að hennar fyrsta orð í íslensku hafi verið orðið *kona* en henni fannst þetta íslenska orð merkilegt fyrir þær sakir að ekki er til jafn flott orð að hennar sögn í portúgölsku. Um aðferðir til að muna þau orð sem stúlkurnar lærðu sögðu þær að þær hefðu mikið spurt: „*Hvað er þetta?, Hvað þýðir þetta*“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009) og einnig látið fólk

endurtaka ef þær skildu ekki ákveðið orð eða ákveðin orð. Jadvyga sagði einnig að sum orð væru lík sínu móðurmáli og því ætti hún auðveldar með að muna þau.

Að bera fram orð og setningar svöruðu stúlkurnar að í skólanum væri ekki erfitt að gera sig skiljanlegan því þar notuðu þær orðaforða sem þeim hafði verið kennt frá byrjun og kennarinn hjálpaði þeim einnig ef eitthvað væri óskýrt. Rosa-Maria nefndi: „Í skólanum er allt eins en þegar við förum annað er allt erfitt að skilja“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009). Utan skóla væri erfitt að hafa samskipti við Íslendinga þar sem þeir tala hratt, óskýrt og notuðu orð sem þeim væri ekki tamt og þar með væri þeirra skilningur takmarkaður. Þær þyrftu því að hafa mikið fyrir því að koma orðum og setningum frá sér á réttan hátt og gera sig skiljanlegar. Ákveðin máhljóð í íslensku eins og *þ*, *æ*, *ö* og *ð* sagði Rosa-Maria að hún ætti einnig í erfiðleikum með þar sem þau væru henni mjög framandi enda ekki í hennar móðurmáli. Jadvyga sagði að hún ætti ekki í eins miklum erfiðleikum og aðrir þar sem sum hljóðana mætti finna í hennar móðurmáli.

Erfiðast við að læra íslensku nefndu stúlkurnar að séu beygingar og kyn orða. Báðar nefndu að þeim finndist of mikil áhersla væri lögð á að læra að skrifa íslenskuna jafnhliða því að læra að tala hana því eins og Rosa-Maria sagði: „Það hefði verið betra að læra fyrst að tala, svo skrifa“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009). Jadvyga og Rosa-Maria töldu að innlögn væri of mikil í byrjun íslensku náms sem virkaði frekar letjandi en hvetjandi. Báðar voru sammála um að frekar ætti að vera lögð áhersla á hið talaða mál í byrjun og byggja upp grunnorðaforða. Á þann hátt gætu þær átt samskipti að einhverju leiti við Íslendinga og þá sérstaklega jafnaldra sína og skilið örlítið þegar við þær væri talað. Þó svo að málið væri ekki rétt að öllu leiti fannst þeim mikilvægt að geta þó sagt á íslensku: „Ég er að læra íslensku“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009). Hinsvegar þegar Jadvyga og Rosa-Maria voru spurðar um hvað væri auðveldast í íslensku námi sínu voru þær báðar sammála um að íslenskan væri erfitt tungumál að læra og því væri ekkert auðvelt við tileinkun hennar.

Lífið utan skóla sögðu Jadvyga og Rosa-Maria að væri oft svolítið erfitt og nefndu þær nokkrar ástæður fyrir því. Íslenskt samfélag væri frekar lokað í þeirra augum og

erfitt að samlagast hraðanum í samfélaginu. Íslendingar tækju þeim og útlendingum þó almennt vel að þeirra mati. Einnig nefndu stúlkurnar að Íslendingar tala oftast nær íslensku þegar þeir heyra að þær skilji og tali íslensku. Hinsvegar hafa þær tekið eftir því að ef skilningur er takmarkaður að þeirra hálfu þá annaðhvort hætta Íslendingar að tala við þær eða skipta yfir í ensku því eins og Jadvyga nefndi: „*Íslendingar tala mikið ensku, það er bara venjulegt*“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009).

Það hefur einnig reynst Jadvygu og Rosu-Mariu mjög erfitt að eignast vini á sama eða svipuðum aldri. Tungumálið er þá nefnd helsta ástæðan fyrir því. Einnig tala Íslendingar mjög hratt og setningar hljóma oft í eyrum nemenda Jadvygu og Rosu-Mariu sem eitt til tvö orð eins og þær komu orði á: „*Það er allt saman*“ (Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu, 2009). Þetta gerir þeim mun erfiðar um vik að að skilja hvað verið er að ræða um. Slettur og annað slangur sem íslenskun unglíngum er tamt að nota í daglegu tali sínu hefur reynst þeim erfitt að ná tökum á. Það hefur því að mörgu leiti reynst stúlkunum erfitt að vera nýbúar í íslensku samfélagi.

Aðspurðar um framtíðina sögðu Jadvyga og Rosa-Maria hana vera óráðna. Ýmislegt hefur breyst í samfélaginu og til dæmis atvinnumöguleikar ekki eins og áður. Þær eru því ekki vissir um hvort framtíð þeirra verði hér á landi eða hvort hún verði í heimalandinu. Jadvyga nefndi að hana langaði að vera hér og fara í framhaldsskóla. Hún telur þó að það gæti reynst hægara sagt en gert að fara í nám þar sem kennslan miðast við að kunna íslensku jafnfætis innfæddum íslendingum. Rosa-Maria telur þó miklar líkur á að hún snúi aftur til heimalands síns og hefur því ekki skoðað framhaldsskólanám. Áframhaldandi íslenskunám eftir að grunnskólanámi stúlnana lýkur telja þær að verði ekki mikið um. Nefna þær ástæðuna fyrir því sé vinaleysið fyrir það fyrsta og einnig að íslenskan sé ekki notuð á heimilinu. Þar fari öll samskipti fram á móðurmáli nemendanna. Erfitt gæti því reynst þeim að viðhalda íslenskukunnáttu sinni ef ekki verður af framhaldsskólanámi og sér í lagi ef Jadvyga og Rosa-Maria flytja aftur til heimalands síns. Þær eru þó áðar sammála um að gott sé að búa á Íslandi og íslenskan sé fallett tungumál þó hún sé erfið.

Thao er kvenkyns, 17 ára nemi í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og kemur frá Víetnam. Hún hefur verið hér á landi í rúma 9 mánuði. Ástæðan fyrir komu hennar hingað til lands nefndi hún að væri vegna foreldra sinna en þeir fengu góða vinnu hér og einnig langaði hana til að mennta sig. Hvað Thao fannst um landið af fyrstu kynnum sagði hún að landið væri mjög frábrugðið sínu heimalandi og nefndi veðráttuna hér sérstaklega. Íslenska tungumálið hljómaði í eyrum Thao mjög furðulega fyrst er hún heyrði það talað, að hennar sögn. Íslendingar tala einnig mjög hratt sem hefur gert skilning Thao í samkiptum svólítið erfitt fyrir.

Thao byrjaði íslenskunám sitt í framhaldsskóla sem býður upp á sérstakt nám fyrir nýbúa. Vel var tekið á móti henni að hennar sögn og kennarar boðnir og búnir í að aðstoða hana. Öll kennsla, nema kennsla í erlendum tungumálum, fer fram á íslensku og oft lenti Thao í erfiðleikum með að skilja efnið. Kennarar lögðu sig þó fram í að svara spurningum hennar og útskýra ef eitthvað væri óljóst en það væri þó þrautinni þyngri þegar margir nemendur eru saman í bekk sem einnig þurfa á aðstoð að halda. Thao nefndi einnig aðspurð um hvort kennarar útskýrðu á íslensku eða ensku að oftast nær væri talað á íslensku en ef skilningurinn væri mjög takmarkaður væri stuðst við enskuna. Námsbækur og allt efni tengt kennslu er einnig allt á íslensku og Thao hefur ekki fengið neitt sér til hjálpar á sínu móðurmáli. Hún hefur því af þeim sökum þurft að bjarga sér með hjálp orðabóka sem hefur reynst henni nokkuð vel. Thao nefndi hinsvegar að hún væri samt örlítið sér á báti í námi sínu þar sem aðrir nemendur er væru með henni í nýbúakennslunni væru komnir mun lengra í íslenskunámi en hún. Þetta geri það að verkum að nám Thao er frekar einstaklingsmiðað og þarf hún oft að bjarga sér sjálf í námi sínu.

Aðspurð um hvaða orð Thao lærði fyrst á íslenskri tungu nefndi hún orðið *Út* en það mátti sjá á skiltum í flugstöðinni er hún kom til landsins. Aðferðir til að muna orð og annað í íslensku nefndi Thao að hún hafi mikið stuðst við orðabækur og einnig beðið kennara um að endurtaka. Hún lagði líka í vana að biðja kennara að rifja upp með sér orð eða annað sem hún hafði ekki almennilega náð tökum á í næstu tímum á eftir. Aðspurð um hvernig henni gengi að bera fram orð og mynda setningar sagði Thao að það væri stundum erfitt og tæki sig langan tíma. Hennar móðurmál væri svo gjörólíkt

íslensku og hún ætti í miklum erfiðleikum með ýmis máhljóð, föll orða og kyn því þessir hlutir fyrirfinndust ekki í móðurmáli hennar. Thao sagði: „Ég rugla Ö og U þegar ég tala. Þetta sounds eins fyrir mig“ (Viðtal höfundar við Thao, 2009).

Erfiðast við að læra íslenska tungumálið nefndi Thao að væri að læra fallbeygingu orða. Það hafi reynst henni mjög erfitt að ná tökum á og einnig að skilja þegar henni var kennd fallbeyging í fyrstu íslenskutímum sínum. Ástæðuna sagði hún vera sú að föll eins og nefnifall, þolfall og annað væri ekki til í hennar móðurmáli né heldur kyn orða og greinir. Einnig nefndi Thao að erfitt væri að ná tökum á tölum og töluorðum vegna beygingar. Hvort hún átti að segja þrjú, þrír eða þrennt væri mjög flókið og oftast en ekki endaði hún á að segja þrír óháð beygingu. Það hafi því reynst henni erfitt að mynda málfræðilegar réttar setningar en að hennar mati er það ekki stærsta atriðið þegar verið er að ná tökum á íslenskunni heldur er betra að geta gert sig skiljanlega þó svo setningin sé ekki rétt beygð, í réttu kyni eða með réttan greini. Thao sagði nefninlega: „Þegar ég læra númer (tölur) og talar vitlaust þá fólk correct me. Gamla fólk hjálpar mikið og segir, nei þú segja svona ekki svona“ (Viðtal höfundar við Thao, 2009). Þessi atriði koma sjálfkrafa að hennar mati í samskiptum við Íslendinga því þeir benda oft á málfræðivillur í tali nýbúa og segja til um hvernig eigi að bera setninguna rétt fram. Hvað væri hinsvegar auðvelt við íslenskuna nefndi Thao að ekkert væri auðvelt við hana í byrjun en vonandi ætti það eftir að breytast eftir því sem hún næði betri tökum á tungumálinu.

Félagslíf utan skóla nefndi Thao að væri ekki mikið. Þar sem hún hafi ekki verið hér á landi það lengi og ekki náð almennilega tökum á tungumálinu sé hún svolítið feimin við að fara mikið út á lífið. Thao er einnig í vinnu og skiptist hennar tími á milli vinnu og heimanáms. Thao nefndi einnig að hún ætti ekki neina íslenska vini og ástæðan væri helst sú að hún hafi verið hér svo stutt að hún væri ekki búin að kynnast mörgum utan nemenda í nýbúakennslunni. Einnig að tungumálið aftraði henni í að hafa mikil samkipti við jafnaldra sína.

Viðmót Íslendinga í garð nýbúa segir Thao að sé frekar gott. Íslendingar séu mjög almennilegir og kurteisir í flestum tilvikum en það hafi komið fyrir að Íslendingar hafi látið í ljós fordóma sína í hennar garð. Íslendingar eru þó að mati hennar oft

almennilegri við nýbúa er þeir heyra að þeir tala íslensku. Hinsvegar nefndi Thao að Íslendingum væri samt að skipta strax yfir í ensku ef skilningur nýbúans væri takmarkaður í stað þess að einfalda mál sitt eða endurtaka sig á íslensku. Thao nefndi: „Ég vil læra íslensku það er important fyrir mig. Ef ég ekki skilja þá ég bara spurja, hvað þýða þetta orð“ (Viðtal höfundar við Thao, 2009). Hún stoppaði því oft viðmælanda sinn og bað um að talað yrði á íslensku því hennar skilningur væri einnig takmarkaður í ensku.

Framtíðarhorfur Thao eru að mennta sig meira eftir að námi í nýbúadeildinni lýkur. Stefnan er sett á nám tengt tölvum eða viðskipta-hagfræði tengt nám. Aðspurð um hvaða skóli yrði fyrir valinu sagði Thao að öllum líkindum yrði það skólinn sem hún stundar nám sitt við núna eða skóli sem byði upp á góða braut á því sviði sem hún kæmi til með að velja sér. Hún nefndi þó að kvíði væri fyrir því að standa ein og óstudd í námi þar sem allt efni og kennsla fari fram á íslensku þar sem hún fær mikinn stuðning í námi sínu í nýbúadeildinni en vissi að svo stuðningurinn væri ekki fyrir hendi þar fyrir utan. Tækifærin til náms væru einnig mun betri hér en í heimalandi. Spurð um hvort Thao hafi skoðað upp á sitt einsdæmi efni sem væri í boði á netinu svaraði hún neitandi og nefndi að kannski vissi hún ekki hvar ætti að leita. Kennarar væru heldur ekki að benda nemendum á forrit eða annað á netinu sem þau gætu nýtt sér til hjálpar í íslenskunámi sínu.

Lífið á Íslandi væri samt gott að mati Thao. Fjölskyldu Thao líður vel hér að hennar sögn og ætlar sér ekki að flytja burt enda tækifæri, bæði á vinnumarkaði og námi, mun betri hér en í heimalandinu. Framtíðin er því björt þó að Thao hafði á orði að hún vonaðist eftir að geta náð tókum á fallbeygingu orða sem hún taldi að væri henni að nokkru ómöguleg en markmiðið væri að geta náð góðum tókum á þessu erfiða atriði íslenska tungumálsins.

Katinka er kvenkyns, 32 ára gömul og kemur frá Ungverjalandi. Hún hefur verið á Íslandi í um fjögur ár. Ástæða fyrir komu hennar hingað segir hún að hafi verið vegna íþróttar sinnar en Katinka leggur stund á handbolta. Af fyrstu kynnum sínum af Íslandi nefndi hún að sér hafi þótt landið skrýtið og sér í lagi landslagið og sagði því til stuðnings: „Þegar ég var keyra til Reykjavík, þá bara Tungl“ (Viðtal höfunda við Katinku, 2009). Hún átti þá við hraunið þegar keyrt er frá Leifstöð áleiðis til Reykjavíkur. Tungumálið fannst henni, og finnst enn eftir að hafa lært það, skrýtið og erfitt og þá sérstaklega að skilja tungumálið því að hennar sögn tala Íslendingar mjög hratt og erfitt getur reynst að ná því sem þeir segja.

Katinka fór á byrjendanámskeið í íslensku fyrir útlendinga hjá málaskóla á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp þess háttar námskeið. Aðspurð um hvernig tekið var móti henni og viðmót starfsfólks nefndi hún að vel hafi verið tekið á móti nýjum nemendum og starfsfólk hafi verið einkar hjálpsamt. Kennari kenndi aðallega á íslensku en studdist við ensku ef efnið þótti erfitt og eða þegar nemendur skildu ekki hvað kennari átti við. Katinku fannst þetta kennslufyrirkomulag ekki gott þar sem hennar enskukunnátta er afar takmörkuð og því var það oft sem hún skildi ekki fullkomlega efnið eða atriðið sem kennari reyndi eftir bestu getu að útskýra. Katinka sagði sérstaklega: „Ég var pirruð í skólanum því ég stundum ekki skilja allt og ég vil læra íslensku“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009) Ekki var heldur stuðst við bækur, blöð né annað efni á hennar móðurmáli til að efla skilning hennar á íslenskunni. Kennslan var því að hennar mati ekki vel skipulögð því gera ætti betur ráð fyrir að enskukunnátta nemenda gæti verið takmörkuð. Kennari reyndi þó undatekningalaust að aðstoða nemendur eins vel og mögulegt var til að efla skilning þeirra ef vafamál kom upp í tengslum við námsefnið.

Meðal fyrstu orða sem Katinka nefndi að hún hafi lært var í tengslum við íþrótt hennar. *Grípa, lína, skjóta og markmaður* voru meðal hennar fyrstu orða og reyndu liðsmenn hennar sem og þjálfari að nota einföld orð, heiti og hugtök þannig að hún áttaði sig á hvað þeir áttu við. Liðsmenn Katinku sem og aðrir er voru og eru í kringum hana hjálpuðu henni mikið að læra íslensku og reyndu að leiðrétta mál hennar með því að benda henni á hvernig ætti að segja þetta og hitt. Þær aðferðir sem

Katinka hefur einnig nýtt sér til að læra íslensk orð er fletta orðum upp í orðabókum, en hún nefndi að hún hafi keypt sér íslensk-enska og ensk-ungverska orðabækur til að hjálpa sé að læra íslenskuna. Þetta hafi reynst henni afar vel í að tileinka sér orðaforða íslenskunnar.

Aðspurð um hvernig Katinku gangi að bera fram orð og setningar nefndi hún að hún ætti í vandræðum með ýmis sértæk hljóð sem fyrirfinnast í íslensku og nefndi hún sérstaklega *þ*, *æ*, *ö* og *ð*. Íslensk mannanöfn ætti hún einstaka sinnum í erfiðleikum með að bera fram því hljóðin væru svo erfið í nöfnunum og nefndi hún sérstaklega nafnið Sigurbjörg sem reyndist henni mikill tungubrjótur. Beygingarmyndir orða nefndi Katinka einnig að væri erfitt að læra og mikil áhersla hafi verið á þann hluta á námskeiðinu sem hún fór á.

Erfiðast fyrir hana við að læra íslensku talaði Katinka um að væri að skilgreina á milli persónufornafna í íslensku. *Hann, hún, það* flæktist mjög um fyrir henni og hvenær ætti að nota rétta mynd orðsins og hún sagði: „Ég veit ekki hvort ég á segja stundum *hann, hún eða það. Ég man ekki hvað orð er hvað kyn. Þetta mjög erfitt*“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009). Beygingarmynd töluorða væri einnig mjög erfitt að ná tókum á og Katinka nefndi að hún segði oft: „Ég fá þrír svona“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009) því hún var ekki viss um hvernig ætti að beygja orðið þrír þannig að það myndi falla rétt inn í setningu. Katinka nefndi einnig að hún vissi vel að þetta væri ekki rétt íslenska en Íslendingar skildu hana og áttuðu sig á hvað hún átti við með með setningunni „Ég fá þrír svona“ í stað „Ég ætla að fá þrjá svona“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009).

Þegar kom að því að spyrja um hvað Katinku þótti auðveldast að læra í íslensku gat hún ómögulega bent á eitthvað ákveðið og taldi að það væri nú ekki mikið í íslensku sem væri auðvelt að ná tókum á. Íslenska væri flókið tungumál og ekki hjálpaði mikið þegar Íslendingar töluðu mjög hratt sem hún nefndi að væri Íslendingum mjög tamt.

Katinka stundar, eins og fyrr hefur komið fram, handbolta en vinnur þar að auki á leikskóla. Handboltinn er tímafrek íþrótt þannig að hún hefur ekki mikinn tíma fyrir

annað félagslíf utan hans né fyrir utan vinnu sína. Tíminn er því mjög takmarkaður og gerir henni erfiðara fyrir að halda áfram námi sínu í íslensku en hana langar mjög að bæta kunnáttu sína í tungumálinu. Hún á þó marga íslenska vini sem hún hefur kynnst í gegnum handboltan, sem og vinnu, sem hafa hjálpað henni mikið að ná tökum á málinu. Katinka nefnir: „Ég tala betur en ég skrifa því ég skrifa ekki mikið. Skrifa íslensku er ekki auðvelt, það eru skrýtin hljóð. Ungverjaland ekki svona við segja skriva en hér skrifa“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009) og vísar aftur í sértæku hljóðin sem finna má í tungumálinu sem hún á í erfiðleikum með að ná sem gerir henni erfiðara um vik að stafsetja íslensk orð.

Um viðmót Íslendinga og annað því tengt segir Katinka að Íslendingar séu flestir mjög kurteisir og almennilegir í viðmóti. Aðspurð um það hvort henni finndist viðmót Íslendinga öðruvísi ef þeir heyra að nýbúi tali og skilji íslensku segir Katinka að svo sé. Íslendingar komi betur og öðruvísi fram við nýbúa sem þeir heyra að tali og skilji íslensku en ella og einnig að Íslendingum hætti frekar til að skipta strax yfir í ensku þegar þeir heyra að einstaklingur sé nýbúi. Þetta atriði pírur Katinku frekar mikið í samskiptum sínum við Íslendinga þar sem hún tekur oft fram í upphafi samtals við Íslending að hún sé að læra að tala íslensku og hún segi því oft: „*Viltu tala Íslensku?*“ (Viðtal höfundar við Katinku, 2009). Fyrir utan þetta telur Katinka að viðmót flestra Íslendinga í garð nýbúa sé gott og það sé ekki erfitt að vera nýbúi á Íslandi í dag.

Hvernig hún sér framtíðina fyrir sér hér á landi segir hún að fyrst hafi hún bara ætlað sér að vera hér í nokkur ár vegna íþróttar sinnar. Hlutirnir hafi síðan breyst og hún hafi hugsað sér að sitjast hér að endanlega en í dag er hún ekki svo viss um hvað verður. Katinka þykir þó mjög vænt um Ísland og langar mjög að læra betur tungumálið en tíminn hefur því miður hindrað hana í því. Aðspurð um hvort hún hafi kynnt sér efni sem til er á netinu sem á að kenna nýbúum íslensku segir hún að hún hafi ekki gert það. Katinka veit þó aldrei hvað framtíðin muni bera með sér en Ísland mun alltaf vera henni kært því hún hefur eignast góða vini, átt góðan feril í íþrótt sinni og á heildina litið átt mjög gott líf á Íslandi.

Nýbúakennsla með nýrri sýn

Möguleikinn er fyrir hendi að þróa nýja aðferðafræði sem myndi henta einstaklingum óháð aldri. Eins og fram hefur komið er margt sem styður þá ályktun að aldur sé afstæður þegar numið er annað tungumál (Harley, 1986). Það er því ekkert sem aftrar því að bjóða upp á námskeið eða námsefni sem væri opið öllum, óháð aldri. Markmið aðferðafræðinnar væri skýr, einfaldleiki væri hafður að leiðarljósi. Óþarfi er að henda nemanda sem ætlar sér að ná undirstöðum íslenskunnar, eða annars tungumáls þess þó heldur, í djúpu laugina strax í byrjun náms. Því eins og kom fram hjá viðmælendum er of mikil áhersla lögð á að ná öllu sem viðkemur íslenskunni í einu. Greinir, stigbreyting lýsingarorða og beygingarmynd orða, öllu þessu mætti ýta til hliðar til að byrja með og einbeita sér að einföldum orðum, orðasamböndum og setningum sem eru notaðar í daglegu tali. Þannig gætu nýbúar bjargað sér og liðið aðeins betur hvort sem það væri í vinnu eða skóla og ýtt undir að þau gætu átt einhver samskipti við innfædda. Viðmælendurnir Jadvyga og Rosa-Maria höfðu nefnilega orð á því að ef þær hefðu haft örlítinn grunn í tungumálinu hefðu þær jafnvel haft sig meira í frammi í samskiptum við jafnaldra sína.

Að mörgu þarf að huga að þegar skoðað er hvar áherslur ættu að liggja í byrjendakennslu í íslensku. Hvaða grundvallar orðaforða á að kenna og hvaða hagnýtu upplýsingum þarf nýbúi að geta gert skil á til að bjarga sér og verið sjálfstæður í samskiptum sínum. Nefnd verða þau atriði er viðmælendur nefndu að bæta mætti í nýbúakennslu².

Tökuorð.

Íslenska tungumálið byggist að mörgu leiti á tökuorðum sem fengin hafa verið að láni úr öðrum tungumálum og má því til stuðnings nefna orðið bíll sem tekið er úr dönsku sem og mörg önnur íslensk orð (Íslenska í senn forn og ný, 2001:10). Notkun tökuorða í daglegu máli er því gjaldgegt samskiptaform og ekkert er því til fyrirstöðu að nota þau í daglegu tali sem og þegar kemur að kennslu íslensku sem

² Einnig var stuðst við bók Höskuldar Þráníssonar Handbók um málfræði, en í henni má finna greinagóðar upplýsingar um allt er viðkemur íslenskri málfræði.

annars máls. Einnig er daglegt mál Íslendinga að langflestu leiti óháð aldri. *Hæ* og *bæ* eru tildæmis algengustu orðin til að heilsa og kveðja og til dæmis notuðu viðmælendur þessi tökuorð í byrjun og enda viðtala. Tökuorðið *Sorry* heyrir einnig mun oft en nokkurn tímann orðið *Fyrirgefðu*. Íslendingum er nefnilega frekar samt að nota slangur í sínu daglega málfari, og sér í lagi unglingar eins og Jadvyga og Rosa-Maria höfðu orð á, og taka verður tillit til þessa þegar verið er að kenna íslensku og sér í lagi íslensku sem annað mál (Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson, 1982).

Grundvallar orðaforði.

Viðmælandinn Rosa-Maria nefndi sérstaklega að kenna mætti auðveldari orðaforða í byrjun íslenskunáms og leggja meiri áherslu á talmál. Út frá tillögu hennar væri til dæmis hægt að byggja upp grundvallar orðaforða með því að búa til ákveðin þemu og tengja við líf og störf. Til að kenna orð og orðaforða á skýran og einfaldan hátt, mætti nota myndir sem og teikningar til útskýringar og á þann hátt yrði ekki misskilningur um hvað orðið þýðir.

Persónufornöfn.

Í viðtali við Katinku nefndi hún að persónufornöfn í íslenska tungumálinu flæktust mjög svo fyrir henni og hvernig ætti að nota þau á réttan hátt. Því væri gott að leggja áherslu á kennslu í persónufornöfnum. Ég, þú, hann, hún, það, við, þið, þeir, þær og þau. Persónufornöfn í íslensku eru nefnilega mörg og fyrir nýbúa getur reynt erfitt að gera greinarmun á þeim og notkun þeirra í fyrstu. Góðar æfingar sem skýra muninn á skilgreiningum persónufornafna geta skilað góðum árangri og hjálpað nýbúanum að ná tökum á notkun þeirra.

Algengustu spurningar og svör.

Meðal fyrstu spurninga sem nýbúar fá oft frá Íslendingum er *Hvaðan ertu?*. Það er því gott fyrir nýbúann að kunna skil á því hvernig á að svara og skilja einnig þegar spurt er. *Talar þú íslensku?* er til dæmis mjög algeng spurning og svör við henni er mjög gott að kunna til að forðast að lenda í misskilningi. *Ég tala smá* og *Ég skil ekki* eru dæmi um setningar sem gott er fyrir nýbúa að kunna skil á. Að geta myndað

setningar og svarað er gífurlegur kostur og hjálpar til þegar verið er að, til dæmis, afla upplýsinga, spyrjast fyrir um eitthvað og svo má lengi telja.

Lýsingarorð

Viðmælendurnir Thao og Katinka nefndu sérstaklega að þó íslenskan þeirra væri ekki alltaf málfræðilega rétt þá fannst þeim samt skipta miklu máli að geta talað íslensku. Rétt mál og rangt mál lærist nefnilega, að þeirra sögn, með notkun tungumálsins. Við kennslu eins og til dæmis lýsingarorða væri því hægt að byggja kennsluna á að nemendur nái að tileinka sér frumstig lýsingarorða og geti notað það í setningarmyndun í stað þess að leggja áherslu á að nemandi noti rétt stig lýsingarorðs í ræðu og riti. Að geta greint frá líðan og lýst hlutum er mikilvægt fyrir alla að kunna og þó að notað væri frumstig lýsingarorðs og sagt: *Þetta meir fallett í stað Þetta er fallegra*, er það ekki óskiljanleg íslenska.

Tölur

Viðmælendurnir Thao og Katinka nefndu báðar í sínum viðtölum að þeim hafi reynst erfitt að ná tókum á beygingu talna. Tölur og töluorð þarf því að leggja áherslu á í kennslu til að nýbúinn geti til dæmis greint frá kennitölu sinni en kennitölu þarf títt að gefa upp í íslensku samfélagi. Grundvallar áherslan ætti að vera á að kunna að bera fram tölurnar líkt og talið er venjulega, *einn, tveir, þrjú* og svo framvegis. Ekki ætti endilega að vera að huga að því að kunna skil á beygingu og skilning á hvenær á að nota mismunandi form orðsins og að segja til að mynda, *fyrstur, annar, þriðji* og *einn, tvo, þrjú*.

Annað efni væri einnig vert að skoða og sér í lagi ef nýbúinn leitar eftir því að kennarinn útskýri eitthvað ákveðið sem hann skilur ekki eða hefur verið að velta fyrir sér. Kennarinn gæti því gripið spurninguna á lofti og nýtt tækifærið til að kenna eitthvað nýtt og koma til móts við nýbúann sem hefur jafnvel verið að velta spurningunni eða efninu lengi fyrir sér.

Eins og kom fram í viðtölum Jadvygu og Thao geta hlutir eins og stress og kvíði gert vart við sig þegar nýbúi þarf að takast á við það að standa á eigin fótum. Þær voru báðar á því að þeim gæti reynst erfitt að takast á við nám í framhaldsskóla sem miðast

við að kunna og skilja íslensku til jafns við nemandan sem fékk íslenska tungumálið í vöggugjöf. Mikið óöryggi getur nefnilega fylgt því að þurfa að byrja í nýjum skóla eða nýrri vinnu og kunna eða skilja lítið í tungumáli landsins sem nýja lífið á að hefjast í. Það er því gott að hafa stuðning af til dæmis vini og eða fjölskyldumeðlimum meðan verið er að ná tökum á nýja tungumálinu og ekki kæmi að sök ef hægt væri að fara saman á námskeið eða fá í hendurnar námsefni sem allir geta notað óháð aldri.

Ef lítið er til ofantaldra atriða sem viðmælendur bentu á að hægt væri að bæta í byrjendakennslu í íslensku, er augljóst að hægt er að einfalda hlutina og ekki vera að flækja tungumálið um of fyrir nýbúa sem finnst oft nóg að læra einföldustu orð íslenskunnar. Með því að leggja áherslu á að kenna bara einföldustu mynd orða getur það gert nýbúanum kleift að ná tungumálinu á þann hátt að hann geti gert sig vel skiljanlegan og staðið öruggum fótum í samskiptum sínum við innfædda Íslendinga. Hægt er að segja; *Ég er kalt, Hann fá þrír svona, Við mæta 23. (tuttugu og þrír) maí, í stað; Mér er kalt, Hann ætlar að fá þrjá svona og Við mætum 23. (tuttugasta og þriðja) maí.* Setningarnar væru jú málfræðilega rangar en vel skiljanlegar (Ari Páll Kristinsson, 1998:26-32).

Niðurstöður

Málumhverfi barns skiptir sköpun þegar það lærir að tala. Það heyrir ýmis hljóð, orð og setningar á móðurmáli sínu sem hjálpar því að ná tökum á málinu. Sumt í tileinkun móðurmálsins kemur sjálfkrafa en annað lærist með aðstoð. Málkunnáttan þróast því skref af skrefi frá einföldum orðum og setningum til flóknari orða og setningamyndunar (Kolbrún Friðriksdóttir, 2008:33-40). Nýbúar sem ætla sér að læra íslenska tungumálið eða tileinka sér annað tungumál standa því oft í sömu sporum og börn sem eru að læra sín fyrstu orð. Af svörum viðmælenda kom í ljós að margt þarf jú að læra með aðstoð en annað kemur sjálfkrafa þegar tungumálið væri notað. Íslenska tungumálið er ekki auðvelt mál í tileinkun og viðmælendur voru allir sammála um að þeim hafi reynst erfitt að ná tökum á því. Viðmælendurnir Jadvyga, Rosa-Maria (*sjá bls. 9*) og Thao (*sjá bls. 12*) nefndu þó að þær ættu kennurum sínum mikið að þakka í íslenskunámi sínu. Allir viðmælendur voru einnig sammála um að nokkuð vel væri staðið að íslenskukennslu nýbúa en margt mætti bæta að þeirra mati og gera enn betur.

Viðhorf og hvati til náms segðu mikið til um árangur og samkvæmt Gardner byggir tungumálanám mikið á þessum tvem þáttum (Gardner. 1985). Viðmælendur voru allir sammála um það að læra íslenska tungumálið skipti þá miklu máli því það fælist mikið í því að geta talað og skilið íslenskuna. Það skipti máli til að fá góða vinnu, eignast vini og fara í nám sem vekir áhuga. Hvatinn og áhuginn í byrjun náms þeirra var því mikill og er enn að mörgu leiti þó ýmislegt hafi aðeins dregið úr áhuganum. Má þá nefna eins og í tilviki Katinku var byrjendanámskeiðið sem hún fór á ekki alveg eins og hún bjóst við og því má álíta að hvatinn hafi ekki verið mikill til að halda íslenskunámi áfram (*sjá bls.15*). Einnig í tilviki Jadvygu og Rosu-Mariu (*sjá bls.10*) var hraðinn í byrjun náms of mikill og var ekki til þess að vera hvetjandi. Það er mikilvægt og sérstaklega fyrir nýbúa að þeir líti ekki á tileinkun tungumálsins sem kvöð því þá gæti viðhorf nýbúans litast af þeim sökum og árangur verður því ekki sem skyldi. Nám í íslensku fyrir nýbúa á ekki að reynast þeim kvöð heldur ánægja þar sem tungumálið skiptir svo miklu í því að nýbúinn finnist hann vera hluti af samfélaginu og geti átt samkipti á íslensku.

Viðmælendur voru sammála um að hvort sem það væri íslenskunám í grunnskóla, framhaldsskóla eða í fullorðins fræðslu væri innlögð efnis of hröð. Of mikið efni væri lagt til í byrjun og lögð væri áhersla á alla færniþætti, tal, skrift, hlustun og áheym, í einu. Þetta gerði það að verkum að íslenskan í byrjun náms virkaði mjög svo yfirþyrmandi og kvíði yfir framhaldi námsins kæmi oft upp.

Mikilvægt er að taka tillit til þarfa sem og kröfu nýbúa í sambandi við íslenskunám þeirra því það eru jú víst þeir sem eru nemendurnir. Því eins og kom fram í viðtölum er oft sem ekki sé hlustað á hvað nýbúanum sjálfum finnst um námið. Til dæmis eins og kom sérstaklega fram í viðtali við Jadvygu og Rosu-Mariu (*sjá bls.10*) að hægja þarf á innlögn og leggja meiri áherslu á hið talaða mál og byggja upp grunnorðaförða. Það var einnig ósk viðmælenda að betra hefði verið að fara á undirbúningsnámskeið þar sem áhersla væri á tal og daglegan orðaförða en að fara beint í að læra alla þá færniþætti sem íslenskan byggir á. Sérstaklega nefndu Jadvyga og Rosa-Maria að betra hafði jafnvel reynst ef áhersla hafði verið sett á hið talaða mál í byrjun því þær töldu að ef þær gætu átt einföld og auðveld samskipti, sér í lagi við jafnaldra, gerði það námið mun hvetjandi en ella.

Áherslur í kennslu eru þó mismunandi eftir skólum og þeim stöðum er bjóða upp á byrjenda kennslu í íslensku. Ekki er hægt að alhæfa út frá svörum viðmælenda að eins sé farið að alls staðar þar sem íslenska fyrir nýbúa er kennd. Hinsvegar er hægt að álíta að örlítill munur sé á áherslum á hverju stigi. Grunnskólinn þarf að taka tillit til þroska barna og unglunga og eru því markmiðin eftir því. Nemendur í framhaldsskóla eru oft mitt á milli þess að vera börn og vera fullorðnir en aldur framhaldsskólanema er oft á reiki. Fullorðnir eru svo sér á báti og áherslur þar allt aðrar en þegar átt er við kennslu barna. Margt spilar því inn í hvaða áherslur eru á hverju stigi í byrjendakennslu í íslensku.

Mismunandi áherslur skóla og stofnana í kennslu bægja því þó ekki frá að markmiðin eru þau sömu hjá nýbúum eins og kom berlega í ljós hjá viðmælendum. En það er í einföldu máli sagt að gera nýbúum kleift að tjá sig og skilja íslenska tungumálið og að nýbúar finni sig í íslensku samfélagi. Leiðin að markmiðunum þarf þó ekki að reynast flókin og mismunandi milli stiga heldur ætti að hafa það að leiðarljósi óháð

Því á hvaða aldri nýbúinn er að hann nái að gera sig skiljanlegan á íslenskri tungu í ræðu og riti og geti átt samskipti við Íslendinga og staðið jafnfætis þeim í samfélaginu.

Samskipti milli kennara sem kenna nýbúum má ennig bæta sem og samstarf milli skólastiga. Mikið er til af efni á netinu sem hægt væri að nýta í kennslu en samkvæmt viðmælendum benti enginn kennari á neinu stigi, hvort sem það var grunn-, framhalds eða fullorðinsfræðsla, á forrit eins og *Icelandic Online* og nám sem *Tungumálsskólinn* býður upp á til að efla íslenskunám þeirra. Meiri samskipti mætti einnig vera á milli skólastiga og nemendum betur fylgt eftir í byrjun og þá sérstaklega þegar farið er úr grunnskólaumhverfinu sem býður mikinn stuðning yfir í framhaldsskólann þar sem nemandi þarf að standa meira á eigin fótum. Þetta atriði er til dæmis kvíðvænt fyrir Jadvygu og Thao sem langar báðar í nám sem byggist á því að skilja og tala íslenska tungumálið til jafns við infædda framhaldsskólanema.

Ef ætlunin er að bjóða upp á námskeið eða námsefni fyrir byrjendur í íslensku óháð aldri þarf að huga að þroska nemenda því margt þarf að huga að þegar nemendum á mismunandi aldri er kennt saman. Hjá börnum eða grunnskólanemum eins og Jadvygu og Rosu-Mariu þarf að taka tillit til að skilningur þeirra er oft takamarkaður. Einfaldar útskýringar og ábendingar þarf því að hafa að leiðarljósi þegar kemur að kennslu. Athyglissvið barna er einnig háð tímamörkum. Börn þreytast fljótt við hluti sem þeim eru ekki auðskiljanlegir eða finnast erfiðir. Börn þurfa einnig á meiri örvun að halda þegar kemur að námi (Brown. 1994:87-90). Notkun mynda, leikja og annars efnis sem krefst hreyfingar er því mjög gott að nota til að hvetja börn áfram í námi. Hvatning frá kennara sem og samnemendum skiptir börn líka gríðarlegu máli og hvetur börn til að gera enn betur (Brown. 1994:87-90).

Unglingar eru mitt á milli þess að vera börn og vera fullorðnir. Það er því margt sem við á um kennslu barna sem einnig á við í kennslu unglinga (Brown. 1994:92). Taka þarf svo tillit til fullorðana einstaklinga því þeirra skilningur er framar skilningi barna og unglinga. Hinsvegar gilda margar af þeim reglum sem við á í kennslu barna og unglinga við um kennslu fullorðna. Innlögn og útskýringar geta því verið orlítið

flóknari því fullorðnir búa yfir meiri hæfni til að skilja flókna málfræði og annað sem fyrirfinnst í tungumáli en börn og unglingar (Brown. 1994:90-91).

Hinsvegar má líta málið öðrum augum þegar kemur að nýbúakennslu. Nýbúar, sama á hvaða aldri, sem eru að stíga sín fyrstu skref í íslensku búa ekki yfir grunnþekkingu tungumálsins. Fullorðnir einstaklingar, þó þeir búa yfir meiri vitsmunalegum þroska, skilja því ekkert frekar erfiðar reglur tungumálsins sem kennarinn útskýrir. Það gæti jafnvel reynst þeim betur að fá einfaldar og haldgóðar útskýringar á hlutum eins og málfræði á sama hátt og útskýrt er fyrir börnum og unglingum. Ef þetta hefði verið raunin hjá Katinku til að mynda hefði það getað hjálpað henni meir og verið mun meira hvetjandi í stað þess að kennari notfærði sér ensku. Það gæti jafnvel reynst skemmtilegt að nota hluti eins og myndir, leiki og þess háttar í kennslu með fullorðnum til jafns við kennslu barna og unglinga. Þær reglur sem eiga því við um kennslu barna og unglinga má auðveldlega yfirfæra á fullorðna og gera þær óháðar aldri. Kennsla nýbúa þarf því að vera óháð aldri því ef allt kemur til alls byrja nýbúar allir, sama á hvaða aldri, á sama stað í íslenskunámi, læra sömu orð og orðasambönd og sömu reglur er lúta að íslenska tungumálinu.

Margar aðferðir eru til er koma að kennslu tungumála. Má þarf nefna til að mynda málfræði-þýðingaraðferðin (Grammar-translation method), beina aðferðin (direct method) og hlustunar og talaðferðin (audio-lingual method)³. Engin af þessum kennsluaðferðum hefur þó dugað ein og sér eða fest sig í sessi. Þær hafa verið gagnrýndar og einnig hafa þær talist ófullgerðar eða ómótaðar. Markmiðið með *Nýbúakennsla með nýrri sýn* er þó ekki að útiloka eigi aðrar kennsluaðferðir og það sem verið er að gera í skólum og stofnunum sem bjóða upp á nýbúakennslu. Hinsvegar er engin fyrirstaða fyrir því að ekki megi bæta í flóruna sem þegar er fyrir hendi því ekki er hægt að alhæfa um hver sé besta aðferðin í kennslu og einnig hefur engin endanleg niðurstaða verið samþykkt í grunnskólum, framhaldsskólum eða öðrum þeim stöðum er bjóða byrjendakennslu í íslensku fyrir nýbúa.

³ Sjá til dæmis bók Larsen-Freeman Techniques and Principles in Language Teaching sem útskýrir þessar aðferðir sem og fleiri mjög vel.

Viðmælendur allir voru þó á sama máli um mikilvægi þess að ná að tileinka sér íslenska tungu. Þegar örlítill orðaforði og skilningur á málinu eru fyrir hendi opnar það samfélagið og hjálpar það viðmælendum, eins og kom fram í viðtölum, sem og öðrum nýbúum að bjarga sér, eignast vini og sækja sér þau tækifæri sem bjóðast svo sem vinnu og nám. Því er mikilvægt að vel sé staðið að byrjendakennslu í íslensku fyrir nýbúa hvort sem það mun koma til með að verða námskeið sem allir óháð aldri geta sótt líkt og höfundur hefur lagt fram tillögu um eða nám í grunnskóla, framhaldsskóla eða fullorðinsfræðslu. Einnig er mikilvægt að hlustað sé á skoðanir nýbúa um hvernig þeir vilja sjá að nám í íslensku sé háttáð. Því ef það er ekki gert gæti það gert að verkum að áhugi nýbúa á að tileinka sér og læra íslenska tungumálið verði ekki fyrir hendi og þeim reynist erfiðara að samlagast íslensku samfélagi. Íslenska tungumálið er því mikilvægt tæki sem gefur nýbúanum svo mikið og opnar þá glugga sem annars eru lokaðir fyrir hann. Orð Thao eiga því vel við í lokin: „Ég vil læra íslensku það er important fyrir mig“ (Viðtal höfundar við Thao, 2009).

Lokaorð

Það er stefna íslenskra stjórnvalda – og um það ríkir þjóðarsátt – að standa dyggilega vörð um íslenska tungu. Hún er sameign þjóðarinnar og geymir sögu hennar, menningu og sjálfsvitund. Hún er einnig tæki til félagslegra samskipta og lykill að þátttöku í lífi þjóðarinnar. Með öflugum stuðningi við íslenskunám innflytjenda er þjónað því tvíþætta markmiði að flýta fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu og styrkja stöðu íslenskunnar til framtíðar (Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. 2007:6).

Svo er ritað í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda* (2007:6) og segja þessi orð okkur mikið. Nauðsynlegt er að hlúa vel að byrjendakennslu nýbúa í íslensku því kunnátta í íslensku gefur nýbúanum svo margt. Grunnurinn skiptir því sköpum og ef ekki er staðið vel að kennslu í byrjun má álykta að framhaldið verði ekki upp á marga fiska.

Eins og berlega kom í ljós í viðtölum höfundar við viðmælendur þá skiptir íslenska tungan miklu máli í þeirra augum. Að ná tökum á henni og skilja hana er grundvöllurinn fyrir því að komast inn í íslenskt samfélag með öllu sem því fylgir eins og samskiptum og atvinnumöguleikum. Án grunnkunnáttu í íslenska tungumálinu má segja að nýbúinn verði eins og fiskur á þurru landi.

Örlítill orðaforði og örlítill skilningur getur því skipt sköpum þegar til að mynda grunnskólaneminn byrjar í grunnskóla, framhaldsskólaneminn í framhaldsskóla og fullorðni einstaklingurinn í vinnu og nýbúanum líður því betur og er öruggari í samskiptum. Innfæddir einstaklingar í nýja landinu myndu þá, og sér í lagi Íslendingar, leggja sig frekar fram í að nota tungumáli í samskiptum sínum við nýbúann og stuðla þannig að því að nýbúinn læri enn frekar málið í samskiptum sínum við innfædda. Eins og kom fram í viðtölum, sérstaklega við Thao, má segja að það að heyra, tala og nota málið kennir oftast nær nýbúanum meira og ef til vill betur en nokkuð námskeið eða námsefni því tungumál, og sér í lagi íslenska tungumálið, lærist jú ekki nema það sé notað. Að lokum má einnig segja að máltakið *Æfingin skapar meistarann* eigi vel við þegar nýbúar, sem og aðrir, læra íslenska tungumálið.

Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Austurbæjarskóli. 2009. Vefslóð www.austurbajarskoli.is. [Sótt í febrúar 2009]
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra tungumála. *Mál málanna, Um nám og kennslu erlendra tungumála*. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavík.
- Brown, H. Douglas. 1994. *Principles of Language Learning and Teaching*. Second Edition. Prentice Hall Regents, Englewood Cliffs.
- Fjöltnir Ásbjarnarson. 2009. Upplýsingar fengnar frá Fjölni Ásbjarnarsyni skólastjóra Fjölmenningskólans. Uppgefið í febrúar, Reykjavík.
- Gradner, Robert C. 1985. *Social psychology and second language learning*. Edward Arnold, London.
- Grandaskóli. 2009. Vwfslóð www.grandaskoli.is. [Sótt í febrúar 2009]
- Harley, Birgit. 1986. *Age in second language acquisition*. Multilingual Matters Ltd, England.
- Háteigsskóli. 2009. Vefslóð www.hateigsskoli.is. [Sótt í febrúar 2009]
- Höskuldur Þráinsson. *Handbók um Málfræði*. 1995. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Íslenska í senn forn og ný*. 2001. Smárit gefið út í samstarfi við Íslenska málstöð og landsnefnd um Evrópskt tungumálaár. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík
- Kolbrún Friðriksdóttir. 2008. Íslenska sem annað mál: Hvernig lærist fallbeyging orða nafnorða í íslensku?. *Hrafnaping 5*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Larsen-Freeman, Diane. 2000. *Techniques and Principles in Language Teaching*. Oxford University Press, UK
- Lenneberg, Eric H. 1967. *Biological Foundations of Language*. John Wiley and Sons Inc, New York.
- Menntamálaráðuneytið. 1999. *Aðalnámskrá framhaldsskóla Íslenska*. Reykjavík
- Menntamálaráðuneytið. 1999. *Aðalnámskrá grunnskóla Íslenska*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. 2008. *Námskrá Íslenska fyrir útlendinga*. Reykjavík.

Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál*. Svart á hvítu, Reykjavík.

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. 2007. Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Sólborg Jónsdóttir. 2009. Upplýsingar fengnar frá Sólborgu Jónsdóttur hjá Mími símenntun. Uppgefið í mars, Reykjavík.

Viðtal höfundar við Jadvygu og Rosu-Mariu. Tekið í mars 2009, Reykjavík

Viðtal höfundar við Thao. Tekið í mars 2009, Reykjavík

Viðtal höfundar við Katinku. Tekið í febrúar 2009, Reykjavík

.